

Námsvísir 2023-2024

5. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari/kennarar: Arna S. Andrésd.



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið

Í aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum fyrir íslensku skipt í fjóra flokka en þeir eru talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er eftir þessum hæfniviðmiðum sem tilgreind eru í aðalnámskránni:

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafi-19>

Talað mál hlustun og áhorf

- tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- tekið þátt í samræðum og rökræðum
- hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum
- átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi

Lestur og bókmenntir

- lestið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað
- lesið sér til ánægju og fróðleiks
- greint og fjallað um aðalatriði í texta og kynnist mismunandi textaformum
- kynnist gömlum og nýjum bókmenntum, þar á meðal þjóðsögum, ljóðum og bókmenntum ætlaðar börnum og unglungum
- kynnist nokkrum frásagnarformum bókmennta og bókmenntahugtökum til að efla skilning á; svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap
- kynnist innihaldi ljóða og vinni með rím og ljóðstafi
- aflað upplýsinga úr bókum og rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna
- kynnist einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum
- valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju

Ritun

- skrifað af öryggi með læsilegri rithönd og notað orðabækur
- beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar. Kynnist viðeigandi tegund af texta, svo sem sögum, frásögnum, lýsingum og fyrirmælum
- samið texta þar sem beitt er eigin sköpun og kynnt efni textans fyrir öðrum
- skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu

Málfræði

- æft sig í að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál
- geti greint orð í nafnorð, sagnorð og lýsingarorð. Kynnist fallbeygingu og geti beitt henni öruggan hátt
- beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar
- nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð
- læri að gera sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu

Kennsluaðferð / vinnulag

Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna, stöðvavinna, töflukennsla

Námsmat

Lögð eru fyrir lesferlill (hraðapróf) í september, janúar og maí. Lögð eru fyrir Orðarún (lesskilningspróf) í nóvember og maí. Vinna og virkni í tímum metin.

Leiðsagnarnám.

Heimalestur metinn eftir fjölda skipta sem lesinn er yfir skólaárið.

Ýmis verkefni.

Námsgögn

Orðspor 1 lesbók og vinnubók, Málrækt 1, fyrsti Smellur.

Mismunandi gæðatexti (Sestu og lestu, Flökkuskinna, Sögusteinn, skáldsögur, þjóðsögur, ljóð og fræðigreinar)

Skriftarbók

Sögubók

Skólavefurinn

Ljósrituð verkefni